

FUNDARGERÐ

155. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 21. október 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.
Guðný Sigurðardóttir boðar forföll, ekki náðist að kalla út varamann.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri og Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna. Fulltrúi foreldra er ekki mættur.

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Lögð fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.
Fræðslunefnd samþykkir endurskoðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

2. Önnur mál.

Halla leggur fram erindi þar sem fram kemur að vegna fyrirsjáanlegrar aukningar í sérkennslu óskar hún eftir að fá að bæta við starfsmanni á leikskólann í 100% stöðu frá 1. nóvember 2008.
Erindi tekið fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

Halla leggur fram nýja og endurskoðaða gjaldskrá fyrir Leikskólann Suður-Vík
Lögð fram til kynningar.

Halla leggur fram tillögu dags. 20. október 2008 þar sem fram kemur að skv. nýjum lögum um leikskóla kemur fram í 12. grein, um Húsnæði og fjölda barna í leikskóla, að gert sé ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuáðstöðu starfsfólks.
Halla óskar eftir að aðstaðan sem leikskólanum stendur til boða í Suður-Víkurfjósínu verði gerð klár til afnota hið fyrsta.
Lagt fram kynningar og fjárhagsáætlunar næsta árs.

Halla óskar eftir öryggisbúnaði á glugga Leikskólans.

Hjördís upplýsir að foreldraviðtöl séu nýafstaðin og í þeim kemur fram ánægja foreldra og barna.

Halla upplýsir að brúðuleikhús sé væntanlegt með sýningu um Pétur og úlfinn í Leikskálum 4. nóvember n.k.

Leikskólabörn tóku þátt í menningarhátíð Mýrdælinga, Regnboganum, fyrstu helgi októbermánaðar.

Halla og Hjördís yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Fræðslunefnd samþykkir endurskoðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

2. Önnur mál.

Fyrirhugaðir eru jólatónleikar um miðjan desember og þátttaka nemenda í aðventuhátíð Mýrdælinga.

Stór hluti nemenda tónskólans setti svip sinn á Menningarhátíð Mýrdælinga, Regnaboganum, fyrstu helgina í október. Af því tilefni kom einnig gestakennari fyrir eldri gítarnemendur skólans.

Kristinn upplýsir einnig um þátt sinn í nýrri tónlistar- og tónfræðikennslubók.

Kristinn yfirgefur fundinn

III. Grunnskólinn

Kolbrún Hjörleifsdóttir og stór hluti kennaraliðs grunnskólans er í námsferð í Minnieapollis. Áheyrnarfulltrúar sátu ekki fundinn.

1. Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 23. september 2008.

Efni: framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 10. bekk.

Lagt fram til kynningar.

2. Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 8. október 2008.

Efni: Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2008.

Lagt fram til kynningar.

Fræðslunefnd óskar eftir dagskrá grunnskólans vegna dags íslenskrar tungu verði færð til fimmtudagsins 20. nóvember n.k.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Fræðslunefnd samþykkir endurskoðuð drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

4. Önnur mál.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:50

Inger Schiöth

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Lára Oddsteinsdóttir

Bergþóra Ástþórsdóttir
